


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sampykkt:SHJ		
Síða 1 af 3	Samskipti 103 (SAM103) FJARNÁM	
	Kennsluáætlun haustönn 2014	


Kennari	María Albína Tryggvadóttir	Sk.st.	MAL
----------------	-----------------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing: Í áfanganum er fjallað um gildi virðingar og fordómaleysis í samskiptum. Viðbrögð fólks við kvíða- og streituvaldandi aðstæðum rifjuð upp. Lögð er áhersla á sjálfstyrkingu nemenda og farið í þá þætti sem styrkja sjálfstraust og ákveðni í samskiptum. Skoðað er hvernig líkamstjáníning getur mótað gæði samskipta. Tjáskiptareglur ólíkra menningarsvæða eru kynntar. Nemandi metur hvernig tjáskipti án orða hefur áhrif á samskipti daglegs lífs. Athugað er hvernig virk hlustun eykur gæði samskipta. Í lok áfangans er skoðað hvað viðtalstækni felur í sér og hvað vert er að hafa í huga í samræðum um viðkvæm málefni.

Markmið: Meginmarkmið er að nemandi geri sér grein fyrir gildi samskipta í starfi og öðlist öryggi og trú á eigin getu í tjáskiptum. Að nemandi geri sér grein fyrir áhrifum eigin tilfinninga og fordóma á tjáskipti.

Áfangamarkmið: Að loknu námi í áfanganum á nemandi að:

- geta gert grein fyrir áhrifum eigin fordóma og tilfinninga á tjáskipti
- geta gert grein fyrir menningarlegum áhrifum á samskiptahætti og tjáskiptareglur ólíkra samfélaga
- sýna framkomu sem einkennist af virðingu og fordómaleysi
- búa að styrkri sjálfsmynd og trú á eigin getu í samskiptum
- geta fjallað um eigin styrkleika og veikleika í samskiptum
- þekkja þá þætti sem hafa áhrif á samskiptahæfni einstaklings í kvíða- og streituvaldandi aðstæðum
- geta gert grein fyrir áhrifum líkamstjáníningar á gæði samskipta
- þekkja áhrifamátt orðavals í samskiptum
- geta sýnt fram á færni í samskiptatækni og málamiðlun
- geta útskýrt mikilvægi virkrar hlustunar í samskiptum
- geta útskýrt hvað lokar fyrir og hvað eykur flæði tjáskipta
- þekkja þau atriði sem hafa ber í huga í samræðum um viðkvæm málefni
- búa að grundvallarfærni í samskipta- og viðtalstækni

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 3	Samskipti 103 (SAM103) FJARNÁM	
	Kennsluáætlun haustönn 2014	

Námsgögn: Fengin frá kennara- á netinu/Moodle.

Námsmat og vægi námsþátta:

Annarpróf: eitt próf á önninni eftir fyrri lotuna= 11%

Verkefni: 12 verkefni á Moodle =24%

Lokapróf: í desember = 50%

Myndbandsverkefni: 15%

Til að ljúka áfanganum þarf að ná 4 í lokaprófinu og skila myndbandsverkefninu, auk þess að ná 45% af öllu námsmati í heild.

Áætlun um yfirferð:

	Námsefni
1. lota	Er hjúkrun samskiptastarf? Samskiptakenning- eflandi og niðurbjótandi samskiptahættir Hugmyndir okkar um annað fólk Fordómar og sjúkdómar Samskipti við fólk af erlendum uppruna í íslensku heilbrigðiskerfi Tilfinningar Sjálfstyrking, sjálfstraust Ákveðni og óákveðni
2. lota	Tvöföld skilaboð, þú og ég boð Virk hlustun. Líkamstjáning, tjáskipti án orða, áhrif orðavald í samskiptum Nánd í samskiptum Samskipta- og viðtalstækni. Myndbandsverkefni Að ræða „erfið“ mál við skjólstæðinga Vinnustaðurinn :Að efla sjálfan sig í samskiptum- vinnustaðurinn.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á kennsluáætlun.

Dagsetning:


Sigrún M. Þórunn
Fagstjóri/Brankaþing